

## AUGLÝSING

### um fjárhaldsstjórn Hofsóshrepps.

Á grundvelli 91. gr. sveitarstjórnarlaga ákvað félagsmálaráðuneytið hinn 12. desember sl. að svipta hreppsnefnd Hofsóshrepps fjárforræði sveitarfélagsins.

Jafnframt var skipuð fjárhaldsstjórn til 1. apríl 1989. Í henni eiga sæti:

Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri, formaður,

Karl Kristjánsson, viðskiptafræðingur og

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Með auglýsingum 27. mars og 30. maí sl. var ákveðið að framlengja sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar um 2 mánuði í hvort skipti.

Félagsmálaráðuneytið hefur nú ákveðið að framlengja sviptingu fjárforræðis Hofsóshrepps og skipun fjárhaldsstjórnar sveitarfélagsins um tvo mánuði eða til 1. október 1989.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1989.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 166/1985, um greiðslu sjúkratrygginga á kostnaði við sjúkrahjálp, sem ekki er unnt að veita á íslensku sjúkrahúsi.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins getur krafist tryggingar fyrir greiðslu á hluta hins tryggða, þegar stofnunin ábyrgist alla greiðsluna gagnvart hinu erlenda sjúkrahúsi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 42. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*